

Fréttatilkynning


Efni: Könnun MMR á afstöðu fólks til laga um bann við nektardansi.
Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára
Dagsetning: 19. apríl 2010

Rúmur helmingur er fylgjandi lögum um bann við nektardansi -mikill munur á afstöðu svarenda eftir kyni

MMR kannaði hvort fólk væri fylgjandi eða andvíg lögum um bann við nektardansi sem taka gildi þann 1. júlí næstkomandi. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 54,1% vera fylgjandi lögnum og 45,9% sögðust andvíg lögnum.


Töluverður munur var á afstöðu svarenda eftir kyni og aldri. Þannig voru 76% kvenna sem sögðust fylgjandi lögnum en eingöngu 33% karla. Þá voru 44% svarenda undir þrítugu fylgjandi lögnum borið saman við 53% hjá aldurshópnum 30-49 ára og 64% meðal 50 ára og eldri. Sé fjöldi karla undir þrítugu skoðaður sérstaklega kemur í ljós að 70% svarenda í þessum hópi sögðust andvígir lögum um bann við nektardansi.

Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ert þú lögum um bann við nektardansi sem taka gildi 1. júlí næstkomandi? ** -þeir sem tóku afstöðu-



**Spurt var: "Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ert þú lögum um bann við nektardansi sem taka gildi 1. júlí næstkomandi?"
Samtals tóku 86,3% afstöðu til spurningarinnar.

Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ert þú lögum um bann við nektardansi sem taka gildi 1. júlí næstkomandi?*
 -þeir sem tóku afstöðu-



Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun*

Svarfjöldi: 865 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 8.-12. apríl 2010

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR® er skrásett vörumerki Markaðs- og miðlarannsóknna ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.